

156. löggjafarþing 2025.
Þingskjal 251 — 215. mál.
1. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof,
nr. 144/2020 (fjölburaforeldrar og veikindi á meðgöngu).

Frá Diljá Mist Einarsdóttur og Bryndísi Haraldsdóttur.

Ákvæði til bráðabirgða IV orðist svo:

Þrátt fyrir 1. mgr. 24. gr. skal mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til foreldris í fæðingarorlofi aldrei nema hærri fjárhæð en 800.000 kr. vegna barna sem fæðast, eru frumættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á tímabilinu 1. janúar 2025 til og með 31. desember 2025. Sama á við um alla foreldra sem eiga rétt á fæðingarorlofsgreiðslum á þessu tímabili.

Greinargerð.

Tilgangurinn er að grípa þá foreldra sem eiga rétt á fæðingarorlofsgreiðslum á þessu tímabili og byggist breytingartillagan á jafnræðissjónarmiðum.